

# Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Sími 464 6600 - Fax 464 6601  
e-mail: kuti@vh.is - Heimasíða: www.vh.is

## ÚTGEFENDUR:

Þingið, félag iðnaðarmanna  
Starfsmannafélag Húsavíkur  
Verkalýðsfélag Húsavíkur  
Verkalýðsfélag Þórshafnar  
Verkalýðsfélag Öxarfjarðar  
Verslunarmannafélag Húsavíkur  
Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað  
sunnudaginn 7. desember 2003  
og gefið út í 2000 eintökum.

Forsíðumyndin er af Hjördísi Dong  
Ingólfsdóttur. Foreldrar hennar eru  
Berglind Steinadóttir og Ingólfur Jónsson  
á Húsavík.

Börnin sem eru á myndinni á baksíðu  
heita: Brynja Matthildur, Særun Anna,  
Ágúst Þór og Rúnar Þór Brynjarsbörn.  
Móðir þeirra heitir Elín M.  
Gunnsteinsdóttir.

## Virk heimasíða

Samkvæmt teljara, eru heimsóknir á heimasíðu stéttarfélaganna um 800 til 1000 í hverri viku. Greinilegt að heimasíðan er að skila þeim tilgangi sem henni er ætlað. Það er að miðla upplýsingum til félagsmanna um það helsta sem er að gerast í starfsemi stéttarfélaganna á hverjum tíma.

## Hvenær eru kjarasamningar lausir?

Um næstu áramót eru flestir kjarasamningar lausir s.s. kjarasamningar hjá almennu verkafólki og sjómönnum. Sama á við um kjarasamninga Verkalýðsfélags Húsavíkur við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Hvamm, heimili aldraðra. Þó eru nokkrir kjarasamningar lausir síðar s.s. kjarasamningur stéttarfélaganna og Kísiliðjunnar sem er laus 31. desember 2004. Samningur Verkalýðsfélags Húsavíkur við Meðferðarheimilið Árbót er laus 30. apríl 2005. Samningur Verkalýðsfélags Húsavíkur vegna starfsmanna hjá sveitarfélögum er laus 30. apríl 2005. Samningur Verslunarmannafélags Húsavíkur vegna félagsmanna er laus 1. mars 2004. Samningur Starfsmannafélags Húsavíkur vegna starfsmanna hjá sveitarfélögum er laus 31. mars 2005. Samningur Starfsmannafélags Húsavíkur vegna ríkisstarfsmanna er laus 30. nóvember 2004. Kjarasamningar Þingiðnar eru lausir 31. janúar 2004.

Ert þú búin(n) að gera upp félagsgjaldið fyrir árið 2003

## - Ert þú að tapa réttindum -

Rétt er að benda þeim félagsmönnum, sem ekki hafa náð að greiða lágmarksfélagsgjald til stéttarfélaganna á Húsavík/S-Þing. og Öxarfirði fyrir árið 2003, á að gera það sem fyrst svo þeir tapi ekki réttindum eða í síðasta lagi fyrir 15. febrúar n.k. Þeim sem eru heima-vinnandi, ekki eru á vinnumarkaði vegna veikinda eða verið hafa í skóla hluta af árinu er hættast við að hafa ekki náð lágmarksgjaldinu. Þeir sem hætta á vinnumarkaði og orðnir eru 67 ára og greitt hafa til félaganna þurfa ekki að greiða lágmarksgjald til félag-

anna. Þeir halda áunnum réttindum. Ef félagsmenn eru ekki vissir um hvort þeir hafi náð að greiða lágmarksgjaldið er þeim bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600, sem veitir frekari upplýsingar. Lágmarksgjald fyrir árið 2003 er kr. 6.000,-. Félagsmenn þurfa sjálfir að passa upp á að þeir hafi náð að greiða lágmarksgjaldið þar sem ekki eru sendir út gíróseðlar fyrir því sem upp á vantar að félagsgjaldið hafi verið gert upp.

## Daglegar fréttir af kjaramálum á heimasíðu stéttarfélaganna

Um næstu áramót eru kjarasamningar almennt lausir og eru kjaraviðræður þegar hafnar við atvinnurekendur. Félagsmenn geta fylgst með gangi mála á heimasíðu stéttarfélaganna [www.vh.is](http://www.vh.is) sem daglega mun flytja nýjustu fréttir af stöðu mála. Þannig vilja stéttarfélagin ávallt halda félagsmönnum vel upplýstum enda mikilvægt að þeir fylgist vel með sínum kjaramálum.



Gústi kokkur lánaði okkur þessa mynd sem tekin er fyrir nokkrum árum af starfsmönnum í eldhúsinu á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

## Jólaaleikur

Það verður jólaaleikur á heimasíðu stéttarfélaganna í desember. Vegleg verðlaun verða í boði. Fylgist með á heimasíðu stéttarfélaganna [www.vh.is](http://www.vh.is)



Anna Sigríður Helgadóttir og Sigurlína Halldórsdóttir voru brosandir út að eyrum þegar ljósmyndari Fréttabréfsins náði þessari mynd þegar þær voru að skræla kartöflur. Myndin er tekin í Þjónustumiðstöðinni á Illugastöðum þegar þing Alþýðusambands Norðurlands var haldið. Anna og Silla sáu um að matreiða fyrir þingfulltrúanna ásamt fleira góðu fólki.

# Góðir gestir í heimsókn

Í lok september komu góðir gestir í heimsókn til Húsavíkur. Um var að ræða föngulegan hóp sem samanstendur af stjórn, trúnaðarráði, starfsmönnum og trúnaðarmönnum hjá Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni.

Hópurinn fór góðan „rúnt“ um Húsavík, skoðaði m.a. Hvalasafnið, Safnahúsið og Sjóminjasafnið. Myndin er tekin af hópnum í Garðshorni, það er nýja endurhæfingargarðinum við Hvamm og sjúkrahúsið á Húsavík.



## Eyðublaðabær....

Í lok október tók stjórn Lífeyrissjóðs Norðurlands ákvörðun um að endurnýja ekki samninga um svæðisskrifstofur fyrir sjóðinn á Blönduósi, Sauðárkróki, Siglufirði og Húsavík sem starfað höfðu frá stofnun sjóðsins og voru hluti að stjórnskipulagi sem samþykkt var við stofnun hans í desember 1992. Þar var ákveðið að sjóðurinn hefði höfuðstöðvar sínar á Akureyri en ræki öflugar svæðisskrifstofur á þessum stöðum.

Aðildarfélög sjóðsins utan Akureyrar hafa flest hver mótmælt þessari ákvörðun. Almenn tölja þau mikilvægt að sjóðurinn skipuleggi jafn góða þjónustu á öllum starfssvæði sínu og standi þannig við það skipulag sem samþykkt var á stofnfundi sjóðsins.

Félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjar-sýslum sem flestir eru einnig sjóðsfélagar í Lífeyrissjóði Norðurlands hafa haft samband og komið á Skrifstofu stéttarfélaganna og lýst yfir óánægju sinni með þessa ákvörðun stjórnar sjóðsins.

Fundur hjá stjórn og trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélags Húsavíkur samþykkti ályktun um þessa skerðingu á þjónustu við sjóðsfélaga utan Akureyrar, þar segir m.a.:

“Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Húsavíkur átelur ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs Norðurlands að leggja niður svæðisskrifstofur sjóðsins á Norðurlandi. Með þessari samþykkt er stjórn sjóðsins að taka

ákvörðun um að skerða verulega þjónustu við sjóðfélaga utan Akureyrar sem ekki er góð markaðssetning fyrir sjóðinn.

Á sínum tíma þegar lífeyrissjóðirnir á Norðurlandi sameinuðust í einn sjóð, Lífeyrissjóð Norðurlands, var samþykkt mótatkvæðalaust stjórnskipulag, þar sem kveðið var á um að sjóðurinn hefði net svæðisskrifstofa á Norðurlandi sem þjónustaði sjóðsfélaga á hverju svæði. Sú samþykkt réð miklu um sameiningu sjóðanna á þeim tíma.

Í lok ályktunar stjórnar og trúnaðarmannaráðs VH er skorað á stjórn LN að endurskoða ákvörðun sína.

Í bókun frá stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur segir:

„Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur leggur áherslu á að þjónustan við sjóðsfélaga sé sem allra best og hefur áhyggjur af að ákvörðun um niðurlagningu svæðisskrifstofa sjóðsins hafi í för með sér að samband sjóðsins við aðildarfélög og sjóðsfélaga (lífeyrisþega og iðgjaldgreiðendur) utan Eyjafjarðarsvæðisins minnki og skerði samkeppnisstöðu sjóðsins þegar frá líður.

Stjórn Lífeyrissjóðs Norðurlands hefur ekki enn svarað áskorunum aðildarfélaga sinna að draga þessa ákvörðun til baka. Fróðlegt verður að fylgjast með hvort stjórnin tekur mið af skýrum vilja nær allra aðildarfélaga sjóðsins og sjóðsfélaga utan Akureyrar.

## Verslunar- og skrifstofufólk

### -Réttur til árlegs launaviðtals

Í kjarasamningi Verslunarmannafélags Húsavíkur við Samtök atvinnulífsins er kveðið á um rétt starfsmanna til að semja um persónubundin laun. Þar segir:

„Við ákvörðun launa milli vinnuveitanda og starfsmanns skulu laun endurspeglja vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir.

Gæta skal ákvæða jafnréttis laga við launaákrvarðanir.“

Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum.

Á Skrifstofu stéttarfélaganna geta félagsmenn nálgast gögn sem gott er að styðjast við í viðtalinu, t.d. kjarasamning og launakannanir verslunarmanna.

Samkvæmt könnunum sem verslunarmenn hafa gert eru rúmlega 25% félagsmanna verslunarmannafélaga á landsbyggðinni sem farið hafa í launaviðtöl en rúmlega 50% félaga þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upplýsingum frá félagsmönnum er árangurinn úr viðtölunum sá sami, um 70% þeirra sem fara í viðtal fá jákvæða niðurstöðu úr viðtölunum, t.d. hærri laun, lengra orlof eða betri starfskjör að öðru leiti.

## Ný símanúmer 15. desember

**Skrifstofa stéttarfélaganna tekur upp ný símanúmer mánudaginn 15. desember n.k. Nýja aðalnúmerið verður 464-6600 og faxnúmerið verður 464-6601. Bein símanúmer til starfsmanna verða eftirfarandi:**

464 6602  
GSM 864 6602



Ágúst

464 6603



Steingerður

464 6604  
GSM 864 6604



Aðalsteinn

464 6605



Jónína

# Verslunarfólk fær álagsuppbót

Starfsmenn verslana, sem nýta sér lengri opnunartíma í desember, eiga rétt á sérstakri álagsgreiðslu í desember. Álagsgreiðslan er 10% ofan á föst laun. Starfsmenn geta einnig tekið þessa álagsgreiðslu út í 2ja daga fríi í janúar ef þeir kjósa svo.

## Hátíðahöldin á myndbandi

Áhugasamir geta fengið lánað myndband af hátíðahöldunum 1. maí 2003 sem var með glæsilegasta móti. Um 500 manns tóku þátt í hátíðahöldunum í Félagsheimili Húsavíkur. Nánari upplýsingar á Skrifstofu stéttarfélaganna.

## Gríptu tækifærið

Sjómennt, fræðslusjóður útgerðarfyrirtækja og sjómanna og Landsmennt fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni styrkja fyrirtæki og félagsmenn stéttarféлага til starfsnáms eða námskeiðahalds. Leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

## Dagatöl

Hægt er að fá gefins mánaðardagatöl á Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir árið 2004.

## Desemberuppbót

-Sumarstarfsmenn geta átt rétt

### Almenni vinnumarkaðurinn

Starfsmenn sem hafa verið í fullu starfi í sama fyrirtæki og eru við störf í lok nóvember skulu eigi síðar en 15. desember fá greidda desemberuppbót kr. 37.000 fyrir verkafólk og iðnaðarmenn og kr. 42.000 fyrir verslunar- og skrifstofufólk. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði skal fá greitt hlutfallslega.

Starfsmaður, sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs, veikinda eða eftir 12 vikna starf á árinu hjá sama vinnuveitanda, skal við starfslok fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Starfsmenn sem fara í fæðingarorlof og hafa unnið í a.m.k. eitt ár fá fæðingarorlof 6 mánuði metið sem starfstíma við útreikning desemberuppbóta.

### Starfsmenn ríkis og bæjar

Reglur fyrir desemberuppbót fara í aðalatriðum eftir sömu reglum, þó eru nokkur frávik varðandi þá sem hættir eru störfum. Upphæðin er einnig önnur, t.d. 50% af launum starfsmanna sveitarfélaga, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Hvamms.

## FRÉTTASKOT FRÁ ÞÓRSHÖFN



Krakkarnir á Barnabóli fóru í gönguferð í góða veðrinu og gáfu hestunum brauð. Þetta var hin skemmtilegasta ferð og hestarnir fegnir heimsókninni.



Haldin var ljósmyndasýning á Þórshöfn 16. nóv. sl. Það var Félagsstarf eldri borgara og Ferðamálafélagið Súlan sem stóðu að sýningunni. Gömlum og nýjum myndum var safnað saman úr öllum áttum og sýndar á breiðtjaldi við góðar viðtökur gesta.



Sjúkrasjóður Verkalyðsfélags Þórshafnar ákvað að styrkja tækjakaup í þreksal íþróttamiðstöðvarinnar á Þórshöfn. Salurinn er ágætlega tækjum búinn nema hvað varðar upphitunartæki en úr því verður nú bætt. Sjúkrasjóðurinn hvetur nú félagsmenn sína til að nýta sér nýja tækjakostinn og minnir á að hægt er að kaupa kort í þreksalinn hjá VP á 50% afslætti, og munar nú um minna.

## Desemberuppbót 2003

### Verslunarmannafélag Húsavíkur

Almenni vinnumarkaðurinn kr. 42.000

### Verkalyðsfélag Húsavíkur, Verkalyðfélag Öxarfjarðar og Verkalyðsfélag Þórshafnar

Almenni vinnumarkaðurinn kr. 37.000

Starfsmenn Hvamms 50% af desemberlaunum  
Starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Þing. 50% af desemberlaunum

Starfsmenn sveitarfélaga og Héraðsnefndar 50% af desemberlaunum

Starfsmenn ríkisins kr. 36.000

### Starfsmannafélag Húsavíkur

Starfsmenn sveitarfélaga og héraðsnefndar 50% af desemberlaunum

Starfsmenn ríkisins kr. 53.079 (ef hafið störf fyrir 30/4 1997, þá 50% af desemberlaunum)

### Pingiön, stéttarfélag iðnaðarmanna

Almenni vinnumarkaðurinn kr. 37.000

lönneymar kr. 23.500

Allar nánari upplýsingar um desemberuppbót eru veittar á Skrifstofu stéttarfélaganna sími 464-6600.

## Við erum komin í jólaskeið

Í útlitum Sparisjóðsins er boðið upp á litmandi kaffi og piparkokur fram að jólum. Verið velkomin.



SPARISJÓÐUR  
ÞÓRSHAFNAR OG NÁGRENNIS

Í leiðinni geta viðskiptavinir sótt dagatal Sparisjóðsins 2002.

## Trúnaðarmannanám-skeið á Þórshöfn

Verkalyðsfélag Þórshafnar stóð fyrir trúnaðarmannanámsskeiði um miðjan nóvember fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum á Þórshöfn. Alls tóku níu trúnaðarmenn þátt í námskeiðinu sem þátttakendur voru ánægðir með. Félagið hefur lagt mikið upp úr því að mennta trúnaðarmenn enda mikilvægt að þeir séu vel inn í kjarnálum og réttindum og skyldum starfsmanna og fyrirtækja á hverjum tíma.

...gæði og ferskleiki!

**SAMKAUP**



Njarðvík • Grindavík • Hafnarfirði • Egilsstöðum • Ísafirði Akureyri • Dalvík • Húsavík • Ólafsfirði • Siglufirði

Reftaskinka merkt verð kr/kg 1.422,-  
Verð kr/kg 995 **30% afsláttur**



**Kokkad á korteri**  
- ný uppskrift í blaðinu

Hamborgeryggur merkt verð kr/kg 1.179,-  
Verð kr/kg 899 **25% afsláttur**



Gledileg jól!

Verð kr/kg 899

**599**

kr/kg

Bayonneskinka

**33%**  
afsláttur!



„Svona gerir  
**JÓLAKOKKURINN**“  
Uppskriftir á bls. 2.

**Jóladagar**

Éttir meðan hliðir veðun

11. - 17.  
desember

# Hækkun lægstu launa hafi forgang

Um næstu áramót eru kjarasamningar lausir hjá stórum hluta verkafólks innan aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands. Sambandið hefur lagt fram kröfugerð sem byggir á stöðugleika, lágrri verðbólgu og auknum kaupmætti. Í tillögunum er lögð sérstök áhersla á að hækka lægstu laun meðan önnur laun fái almenna hækkun þannig að þau samrýmist markmiði um minnkandi launamun í þjóðfélaginu. Krafa er að lægstu laun verði um hundrað og tíu þúsund krónur á mánuði um næstu áramót, það er að segja tekjutrygging verkafólks sem í dag er rúmlega níutíu þúsund. Loksins, loksins, segja einhverjir því krafa verkafólks síðustu ára hefur verið að lyfta lágmarkslaunum upp fyrir hundrað þúsund.

Í síðustu kjarasamningum var samið um sérstakan starfsmenntunarsjóð sem fékk nafnið Landsmennt. Á því samningstímabili sem er að ljúka hafa atvinnurekendur og verkalýðsfélagin greitt um 140 milljónir í sjóðinn sem nú er tómur. Þar kemur til að mikil ásókn hefur verið í sjóðinn frá verkafólki sem tekið hefur þátt í starfsmenntun og atvinnurekendum sem staðið hafa að starfsmenntun fyrir starfsmenn viðkomandi fyrirtækja. Tilkoma sjóðsins er eitt stærsta framfaraskref sem stigið hefur verið í réttindabaráttu verkafólks á síðari árum. Ekki er ólíklegt að sjóðurinn þurfi um 80 milljónir á ári til að mæta þörfum verkafólks og fyrirtækja til starfsmenntunar. Á tímum þekkingar og mikilla tæknibreytinga er ekki síst mikilvægt að auka þátt starfsmenntunar hjá einstaklingum sem í mörgum tilfellum hafa frekar stutta skólagöngu að baki að loknu grunnskóla.

Í kröfugerð Starfsgreinasambandsins eru einnig metnaðarfullar tillögur um jöfnun lífeyris-sjóðsréttinda. Krafa er að lífeyrisframlag atvinnurekenda í séreignarsjóð hækki um 1% og lífeyrisréttindi starfsmanna verði jafnframt tekin til skoðunar með það að markmiði að þau verði samræmd í áföngum til jafns við opinbera



starfsmenn. Þetta er krafa sem verkalýðshreyfingin verður að halda á lofti og berjast fyrir. Núverandi réttindamunur milli almennra launþega og opinbera starfsmanna er óásættanlegur. Því er það eðlileg krafa að lífeyrisjóðsréttindi almennra starfsmanna verði hækkuð til jafns við opinbera starfsmenn.

Varðandi lengd samningstímans er lagt til að samningurinn gildi í fjögur ár enda náist markmið Starfsgreinasambandsins um stöðugleika, kaupmáttaraukningu, lága verðbólgu og hækkun lægstu launa fram að ganga. Þá leggur sambandið áherslu á skýr opunarákvæði kjarasamningsins vegna verðbólgu og launaþróunar annarra hópa og ef í ljós kemur að svigrúm til launahækkana reynist meira en gengið var út frá við kjarasamningsgerðina.

Samninganefnd Starfsgreinasambands Íslands var sammála um að leggja fram

kröfugerðina þrátt fyrir að skiptar skoðanir væru með einstaka þætti hennar. Sá sem þetta skrifar er persónulega á móti löngum samningstíma og hefði viljað sjá hærri tölur er varðar lágmarkslaun á mánuði og taka þannig mið af þeim könnunum sem gerðar hafa verið meðal verkafólks. Hins vegar byggir kröfugerðin á því að ná fram sáttum meðal þeirra sem standa að henni og mati á því sem menn telja raunhæft að ná fram við viðsemdjendur í komandi kjaraviðræðum. Án efa hefðu margir viljað sjá hærri kröfur um lágmarkslaun ekki síst þegar forsvarsmenn Kaupþings-Búnaðarbanka telja eðlilegt að fá í kaupauka hundruði milljóna. Þeir sem og aðrir sem eru í svokölluðu "sjálfstökuliði" virðast ekki líta á það sem skyldu sína að tryggja stöðugleika í þjóðfélaginu, þeir ætla öðrum að gera það. Um leið og forystumenn verkalýðshreyfingarinnar leggja áherslu á bætt kjör fyrir sína umbjóðendur stíga þessir sömu menn fram og tala um mikilvægi þess að verkalýðshreyfingin stíli kröfum sínum í hóf svo verðbólgan og aðrir kostnaðarliðir fari ekki úr böndunum. Það hefur lengi legið fyrir að það er vitlaust gefið í þessu þjóðfélagi. Vonandi kemur sá tími að sátt ríki í þjóðfélaginu sem byggir á jöfnuði meðal allra þegna landsins ekki bara fárra útvaldra sem eru að farast úr græðgi meðan aðrir ná ekki endum saman.

*Aðalsteinn Á. Baldursson*

## Launakröfur og helstu kröfur SGS:

1) Samið verði um nýja launatöflu sem gildi í öllum aðalkjarasamningum SGS. Launataflan byggir á sex þrepum og 25 launaflokkum með 1,5% bili á milli flokka og þrepa. Grunnatala í töflu fyrir launahækkunarverði 93.000 krónur. Öllum mögulegum starfsheitum sem taka laun eftir samningum SGS verði raðað inn í launatöfluna, þar sem gert er ráð fyrir að núverandi starfsheiti endurraðist inn í töfluna. Gert er ráð fyrir að neðsti launaflokkur töflunar verði gerður óvirkur 2005 og 2006.



2) Samningstími verði fjögur ár, með fyrirvara um að það takist að semja um nýja launatöflu og tryggingarákvæði. Annars verði samið til skemmri tíma.

3) Launahækkanir á samningstímanum: Almennar launahækkanir verði:

5%	2004
5%	2005
4%	2006
4%	2007

Dagvinnutrygging á samningstímanum verði:

110.000	2004
117.000	2005
124.000	2006
130.000	2007

#### Aðrar helstu kröfur:

4) Lífeyrisframlag atvinnurekenda í séreignisjóð hækki um 1% 1. júní 2005. Jafnframt verði lífeyrisréttindi starfsmanna tekin til



skoðunar með það að markmiði að þau verði samræmd í áföngum til jafns við opinbera starfsmenn.

5) Samið um rétt verkafólks til starfsmanna-viðtals og persónubundið mat.

6) Fræðslusjóðnum Landsmennt verði tryggt áframhaldandi fjármagn með 0,3% greiðslu atvinnurekenda af launum í sjóðinn.

7) Breytingar verða gerðar á kafli og launum ræstingarfólks sem setið hafa eftir síðustu árin.

8) Uppsagnarrestur eftir tveggja mánaða starf verði lengdur í tvær vikur.

9) Tryggingarbætur kjarasamnings verði hækkaðar til samræmis við önnur lands-sambönd.

10) Greitt verði fyrir skerðingu á lágmarkshvöld sem fer undir átta tíma á sama hátt og hjá iðnaðarmönnum.

11) Sumarorlofstímabil verði stýtt í þrjá mánuði frá 15. maí til 15. september.

12) Í þeim tilvikum sem atvinnurekandi óskar eftir vottorði (læknis-, heilbrigðis- saka-vottorði) frá starfsmanni þá greiði atvinnurekandi fyrir vottorðið.

13) Tryggt verði að slysaréttur verði sérstakur réttur.

14) Í þeim tilvikum sem starfsmenn þurfa að þrifa fatnað eða tæki að loknum vinnudegi skal tryggt að það sé gert í vinnutíma. Þar sem gert er ráð fyrir að starfsmenn klæðist sérstökum vinnufatnaði vegna starfa sinna, klæði fólk sig í vinnutíma.

15) Laun ungmenna miðist við almanaksárið en ekki afmælisdag.

16) Ef skipulagðri vinnu um helgi er aflýst með minna en fjögurra tíma fyrirvara, þá á starfsmaður rétt á sérstakri greiðslu sem svarar til 2 klst. í yfirvinnu.

17) Sé yfirvinnan unnin, skal matartími í yfirvinnu (1 klst.) veittur tveimur tímum eftir að reglulegum vinnutíma lýkur.



18) Samið verði um sérstakt 15% álag að lágmarki fyrir flokksstjóra.

19) Útvíkka bókun um launalaust leyfi fiskvinnslufólks á allt starfsfólk sem tekur laun eftir þessum samningi. Heimild verði einnig lengd í allt að eitt ár.

20) Kafli um veikindi í orlofi gildi líka erlendis.

*Félagsmenn geta fengið kröfugerðina í heild sinni á Skrifstofu stéttarfélaganna.*



Forystumenn Starfsgreinasambandsins og Flóabandalagsins hafa fundað stýft undanfarið um kjaramál enda kjarasamningar lausir um næstu áramót.

## Kjarasamningar verslunarmanna 1. mars 2003

Á vegum Verslunarmannafélags Húsavíkur og annarra verslunarmanna innan Landsambands íslenskra verslunarmanna stendur undirbúningur næstu kjarasamninga nú sem hæst, því núverandi kjarasamningar gilda til 1. mars 2003.

Af þessu tilefni er rétt að hvetja félagsmenn sem vilja koma á framfæri kröfum, óskum eða ábendingum sem varða kjarasamninginn eða starfskjör þeirra, að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna sími 464-6600 eða senda þær í tölvupósti til formanns agust@vh.is.

**Verzlun í heimabyggð  
- tryggir atvinnu og þjónustu!**

## Norður – Þingeyingar

### - Jólaboð 13. desember -

Stéttarfélagin sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík verða með opið hús 13. desember n.k. Boðið verður upp á rjúkandi kaffi og meðlæti.

Félögin vilja sérstaklega bjóða Norður-Þingeyinga velkomna og hvetja þá sem leið eiga til Húsavíkur laugardaginn 13. desember að líta við og njóta veitinga í boði stéttarfélaganna.

Stéttarfélagin hafa undanfarin ár verið með opið hús í desember og hafa fjölmargir gestir komið við og þegið veitingar í boði stéttarfélaganna.

## Sjómenn

**Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur verður haldinn þriðjudaginn 30. desember kl. 17:00 í fundarsal félagsins.**

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kjaramál
3. Önnur mál

Félagar! Mjög áriðandi er að sem flestir sjái sér fært að mæta á fundinn ekki síst þar sem ræða á kjaramál og aðgerðir til að knýja á um kjarasamninga fyrir sjómenn á fiskiskipum. Hefðbundnar veitingar verða á fundinum.



Sjómenn stöndum vörð um okkar hagsmunamál!

Verkalýðsfélag Húsavíkur

## Orlofshúsið í Dranghólaskógi til leigu í vetur

Orlofshús Verkalýðsfélags Öxarfjarðar í Dranghólaskógi í Öxarfirði verður til leigu í vetur. Félagsmenn geta fengið húsið leigt. Um er að ræða vikuleigu, helgarleigu, leigu einstaka daga eða eftir frekari samkomulagi. Nánari upplýsingar fást á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

## STUTTAR FRÉTTIR

### Garðshorn fær gjöf frá Þingið

Stjórn Þingiðnar samþykkti fyrir nokkru að styrkja Garðshorn sem er útivistar og endurhæfingargarður við Hvamm, heimili aldraðra og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga um kr. 100.000,-. Með þessu framlagi hafa stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum lagt fram tæplega hálf milljón í þetta mikilvæga verkefni sem er öllum til sóma, sérstaklega þó þeim sem eru frumkvöðlar að verkefninu.

### Vísnahornið

#### Þingeyskir pungar vel kýldir

Skrifstofa stéttarfélaganna fékk senda frábæra vísu frá konu á höfuðborgarsvæðinu sem var að smakka þingeyska punga í fyrsta skiptið. Rétt er að taka fram að hér er átt við súra hrútspunga.

Af kraftmiklum og kýldum pungum, karlar gjarnan hreykja sér. Frá Húsavík af hrútum ungum hnossgeitið þeir sendu mér.

#### Úr steininum í grjótið

Hirðskáld stéttarfélaganna kom með eina góða vísu einn daginn sem varðar mann sem töluvert hefur verið fjallað um í fjölmiðlum.

Margt er Árna til lista lagt í lífsins ólgu róti frá Kvíabryggju fór, er sagt með fimm bíla af grjóti.

### Minnisbækur

#### -Pantið og fáiið bana senda í pósti

Skrifstofa stéttarfélaganna gefur út minnisbók við hver áramót. Minnisbókin 2004 kemur út 17. desember og eru áhugasamir félagsmenn hvattir til að ná sér í eintak á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta pantað hana og fengið senda í pósti. Minnisbókinni er að venju dreift ókeypis til félagsmanna.

[www.vh.is](http://www.vh.is)

Í hverri viku fara fjölmargir inn á heimasíðu stéttarfélaganna [www.vh.is](http://www.vh.is)





# Stjórn Nordisk Union fundar á Húsavík

Á fundi í Stokkhólmi síðasta föstudag samþykkti Norræna Matvælasambandið að funda á Húsavík á næsta ári, nánar tiltekið í byrjun júní. Um er að ræða fjögurra daga fund. Þrettán menn eru í stjórn sambandsins en reikna má með að um tuttugu og fimm manns komi til Húsavíkur vegna fundarins, það er stjórn, varastjórn og og starfsmenn sambandsins. Í Norræna Matvælasambandinu eru um 200 þúsund félagsmenn. Fulltrúi Íslands í stjórn sambandsins er Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur sem tilnefndur er af Starfsgreinasambandi Íslands. Hann sagðist mjög ánægður með ákvörðun stjórnar sambandsins að halda fundinn á Húsavík. Venjan væri sú að fundirnir væru haldnir í Skandinavíu. Það væri mikil heiður fyrir hann sem stjórnarmann í Norræna Matvælasambandinu og fyrir Verkalýðsfélag Húsavíkur að þeir skyldu velja Húsavík sem fundarstaða á næsta ári. Um væri að ræða mjög þekktu verkalýðsforingja á Norðurlöndunum.



Stjórn Nordisk Union fundar á Húsavík á næsta ári.

## Umhverfisstofnun tekur vel í erindi VH um öryggismál landvarða

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur farið þess á leit við Umhverfisstofnun að öryggismál starfsmanna í þjóðgördum verði tekin til skoðunar. Félaginu hafa borist ábendingar frá starfsmönnum um að full ástæða sé til þess. Umhverfisstofnun hefur svarað erindi félagsins. Þar kemur fram að stofnunin hyggst að gefnu tilefni fara yfir öryggismál starfsmanna í þeim þjóðgördum sem eru á verkssviði stofnunarinnar. Hún hefur þegar rætt þessi mál við fulltrúa Landvarðafélagsins og mun í samráði við þá fara yfir hvaða þætti hún telur nauðsynlegt að bæta til að auka öryggi landvarða. Umhverfisstofnun mun í því skyni kalla til þá sérfræðinga sem nauðsyn krefur. Samkvæmt þessu tekur Umhverfisstofnun jákvætt í erindi Verkalýðsfélags Húsavíkur enda mikilvægt að tekið verði á öryggismálum starfsmanna.

**Daglegar fréttir  
á heimasíðu  
stéttarfélaganna  
[www.vh.is](http://www.vh.is)  
Ferð þú inn á  
heimasíðu  
stéttarfélaganna  
[www.vh.is](http://www.vh.is)?**

## Fiskvinnslunámskeið framundan

Forsvarsmenn Verkalýðsfélags Húsavíkur funduðu nýlega með fulltrúum fiskvinnslufyrirtækja á svæðinu um fyrirhugað námskeiðahald fyrir starfsmenn fyrirtækjanna. Um er að ræða starfsmenn sem vinna hjá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur, GPG-Fiskverkun og Laugafiski. Um 150 starfsmenn starfa við fiskvinnslu á svæðinu og hefur mikið verið að gera hjá fyrirtækjunum undanfarið. Af þessum 150 starfsmönnum hafa um 30 til 40 starfsmenn ekki lokið kjarasambundnum 40 stunda námskeiðum. Samþykkt var að bjóða upp á tvö námskeið í janúar á tímabilinu frá 2. - 8 janúar og frá 26. -30. janúar. Hópnun



sem er án námskeiða verður skipt upp í tvo hópa.

## Verslunarmenn styðja Heilsulaugina

Verslunarmannafélag Húsavíkur ákvað nýlega að gefa Áhugafélagi um heilsulaug á Húsavíkurhöfða um kr. 50.000. Áhugahópurinn er með áform um að bæta aðstöðuna til muna, t.d. búningsaðstöðu og umhverfið.

Samkvæmt upplýsingum frá einum forsvarsmanna hópsins hafa rannsóknir og

reynsla margra exem- og psoriasisjúklinga sýnt að með reglulegum böðum í heilsulauginni, sem í daglegu tali heimamanna er oftast nefnd „ostakarið“, hafa þeir náð verulegum bata á meinum sínum.

Með gjöfinni er Verslunarmannafélag Húsavíkur að þakka Áhugahópnum fyrir þeirra góða framlag og dugnað til að bæta lífsgæði þessa hóps og einnig fyrir að stuðla með þessu að nýjum spennandi kosti í ferðáþjónustu á svæðinu.

## Fyrir neðan bakka og ofan



Saga verkalýðshreyfingar, atvinnulífs og stjórnmála er til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna á sérstöku tilboðsverði aðeins kr. 3.000,-. Um er að ræða þrjú vönduð bindi í veglegri öskju. Fjöl margar myndir prýða bindin og hefur ritverkið fengið góða dóma hjá gagnrýnendum. Ritverk sem þetta á heima á hverju heimili í Þingeyjarsýslum. Um er að ræða veglega jóla-afmælis- eða tækifærisgjöf.



Oft þarf bara  
einn hlut til að gera  
lífið auðveldara

Þjónusta Landsbankans gerir líf þitt auðveldara.  
Til að tryggja þér góða afkomu á efri árum  
skaltu leggja fyrir í lífeyrissparnað hjá fyrirtæki  
sem þú getur treyst.

Því ef þú setur það sem þú safnar í lífinu á  
öruggan stað getur þú hætt að vinna án þess  
að hætta að njóta lífsins.

Og þannig verður lífið auðveldara.

## Lífeyrissparnaður

 Landsbankinn